**Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum**

# Tónleikar
# í
# Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

## Hjörleifur Valsson
**fiðluleikari**

og

## Urania Menelau
**píanóleikari**

Þriðjudaginn 8. ágúst 1995 kl. 20:30

**Hjörleifur Valsson** fiðluleikari er fæddur árið 1970. Hann hóf tónlistarnám sitt í tónlistarskólanum á Húsavík og var síðan við nám í tónlistarskólanum á Ísafirði og í Kópavogi. Árið 1988 fluttist hann til Noregs þar sem hann varð nemandi Eivind Aadland prófessors við Tónlistarskólann í Oslo. Eftir að hafa lokið burtfararprófi frá þessum skóla árið 1993 hefur Hjörleifur stundað nám hjá Karel Pribyl prófessor við Tónlistarkólann í Prag og hefur til þess hlotið styrk frá tékkneska ríkinu.

**Urania Menelau** fæddist á Kýpur árið 1973. Hún hóf ung nám á ýmis hljóðfæri við tónlistarskóla Nicosiuborgar. Sautján ára að aldri hlaut hún styrk frá tékkneska ríkinu til náms við tónlistarskólann í Prag, en þar hefur hún verið nemandi V. Topinka prófessors síðastliðin fimm ár.

Þau Hjörleifur og Urania hafa leikið saman í tæp tvö ár og komið fram víða í Prag og meðal annars kynnt íslenska tónlist. Vorið 1994 léku þau fyrir Vaclav Havel forseta Tékklands og Vigdísi Finnbogadóttur við opnun málverkasýningar Errós í Prag.

*Efnisskrá*

| | |
|---|---|
| Bedřich Smetana<br>1824 - 1884 | Z Domoviny (frá heimalandinu)<br>*Moderato*<br>*Andantino Moderato Presto* |
| Leoš Janáček<br>1854 - 1928 | Sónata fyrir fiðlu og píanó<br>*Con moto*<br>*Ballada*<br>*Allegretto*<br>*Adagio* |
| Gabriel Fauré<br>1845 - 1924 | Sónata fyrir fiðlu og píanó í A-dúr nr.1 op. 13<br>*Allegro molto*<br>*Andante*<br>*Allegro vivo*<br>*Allegro quasi presto* |